

Fundargerð

stjórnarfundur Félagsbústaða
haldinn fimmtudaginn 16. september kl: 15
að Pönglabakka 4

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem jafnframt ritaði fundargerð. Kristinn Karel Jóhannsson frjármálastjóri sat fundinn undir lið 2 og 3.

1. Fundargerð stjórnarfundar 26. ágúst

Fundargerð stjórnarfundar 26. ágúst 2021 var lögð fram og samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun og megináherslur 2022-2026

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun, lánsfjáráætlun og megináherslum starfseminnar 2022-2026 ásamt stöðu uppbyggingaráætlunar 2018-2022. Framkvæmda- og frjármálastjóri fóru yfir fyrirliggjandi gögn.

Stjórn samþykkti fjárhagsáætlun, lánsfjáráætlun og megináherslur 2022-2026 og vísar henni til borgarráðs ásamt greinargerð. Þá samþykkti stjórn heimild til framkvæmdastjóra um að óska eftir einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar á grundvelli 1. mgr. 69. gr. laga nr. 138/2011 vegna 3.003 m.kr. lántöku sem ætluð er til mæta fjárfestigarþörf ársins 2022.

3. Fasteignakaup: viðmið við kaup fasteigna


Farið var yfir verklag sem haft hefur verið til hliðsjónar við kaup íbúða sem m.a. taka mið af reglum um stofnframlög, dreifingu íbúða eftir borgarhlutum, tegundum og gerð húsa, ástand íbúða og staðsetning þeirra í fjölbýli og fl. Verklagið verður unnið nánar. Lagt fram til kynningar og umræðu.

4. Byggingaframkvæmdir


Greint var frá gangi nýframkvæmda. Stjórn veitti framkvæmdastjóra heimild til þess að ganga frá málinu á þeim forsendum sem kynntar voru á fundinum.

5. Samstarfssamkomulag Félagsbústaða og velferðarsviðs


Málið kynnt og er í áframhaldandi vinnslu.




Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16.40


Haraldur Flosi Tryggvason


Heiða Björg Hilmisdóttir


Laufey Ólafsdóttir


Sigrún Árnadóttir